



Félag löggiltra endurskoðenda

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Alþingi  
Erindi nr. P 128/406  
komudagur 3.12.2002

Reykjavík 2. desember 2002  
Tilv. FLE 20-2002

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
c/o Hildur Njarðvík nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Málefni: **Frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur,**  
**371. mál**

Með bréfi dags. 21. nóvember sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umföllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,  
Félag löggiltra endurskoðenda

  
Guðmundur Snorrason

formaður

# Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

---

Reykjavík, 2. desember 2002

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda  
Guðmundur Snorrason, formaður  
Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík


Málefni: **Frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, 371. mál**

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Að fenginni umsögn Skattanefndar FLE tók Álitsnefnd málið fyrir á fundi sínum í dag.

Álitsnefnd FLE samþykkir meðfylgjandi umsögn Skattanefndar á frumvarpinu.

Virðingarfyllst

. ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Guðmundur Snorrason". The signature is written in a cursive style with some variations in letter height and thickness.

Til álitsnefndar FLE

Reykjavík, 2. desember 2002.

Efni: Boðaðar breytingar á skattalögum.

Skattanefnd FLE hefur yfirlægð eftirtalin lagafrumvörp og hefur þessa umsögn fram að fára:

1. Frumvarp til laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, mál nr. 323:

Engin athugasemdir.

2. Frumvarp til laga um tekuskatt og eignarskatt, mál nr. 324:

Í 3. gr. þess frumvarps er gert ráð fyrir að kostnaður við rekstur bifreiða sem látnar eru starfsmönnum í té sé ekki frádráttarbær frá skattskyldum tekjum nema að því marki sem hann er talinn viðkomandi starfsmanni til tekna.

Nefndin hefur af því nokkrar áhyggjur að ákvæði þetta sé óskýrt og til þess fallið að valda ágreiningi milli skattstjóra og skattaðila. Ljóst er að bifreiðar gegna oft þýðingarmiklu hlutverki í tekjuöflun fyrirtækja og notkun þeirra er oft á tíðum mikil. Vitað er að starfsmenn geta haft afnot af bifreiðum fyrirtækja, ýmist takmörkuð eða ótakmörkuð. Ef hlunnindamat starfsmanna á að verða ráðandi um að hve miklu leyti rekstrarkostnaður bifreiða telst til frádráttarbærs kostnaðar í rekstri þá er með þessu ákvæði verið að brjóta það grundvallarákvæði 31. gr. skattalaganna að gjaldfæra megi þann kostnað sem gengur til að afla tekna, halda þeim við o.s. frv. Nefndin telur að ákvæðið eins og það var fyrir breytinguna hafi í reynd tekið til bifreiða sem voru lítið notaðar í þágu rekstrar og því verið eðlilegt en öðru máli gegni þegar það taki til allra bifreiða.

3. Frumvarp til laga um um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, mál nr. 371:

Engar athugasemdir.

4. Frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, mál nr. 372:  
Engar athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Skattanefnd FLE

Aðalsteinn Hákonarson  
Gunnlaugur Kristinsson  
Guðmundur Jens Þorvarðarson  
Birkir Leósson.